



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Hótel Laka, föstudaginn 13. apríl 2018 kl. 12:30.

Setning aðalfundar

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og talar um mikilvægi starfseminnar. Formaður fór aðeins yfir starfið og samningaviðræður við Ferðamálastofu sem hafa tekið langan tíma og orku.

Formaður stjórnar lagði fyrir fundinn að Eva Björk Harðardóttir yrði fundarstjóri og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir fundarritari. Það var samþykkt af fundinum.

Yfirlit ársins 2017 og áherslur 2018

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir verkefni ársins 2017. Framkvæmdastjóri kynnti starf MSS og helstu verkefni síðastliðins árs, meðal þeirra voru t.d. áfangastaðaáætlanir, stoðþjónusta upplýsingaveitu, ráðgjöf SASS, markaðssetning áfangastaðarins, vefmál og samfélagsmiðlar, sýningar, innra starf, samstarf, samskipti við ferðasala, fjölmiðla og PR skrifstofur og útgáfa.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir áherslur ársins 2018 en þar sem ekki var búið að loka samningum við Ferðamálastofu var ekki hægt að fara yfir fjárhags- og verkefnaáætlun, en helstu lykiltölur í rekstraráætlun og áherslur í starfsemi ársins 2018 kynntar.

Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2017

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, kynnr helstu atriði ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands 2017. Á árinu 2017 fjölgaði aðildarfélögum og gerðu MSS og SASS með sér stærri samstarfssamning. Hækkun framlaga og styrkja ársins skýrist þó af stærstum hluta af tveimur starfsgildum vegna áfangastaðaáætlana DMP og framlags í verkefni um stoðþjónustu upplýsingaveitu. Bæði þessi verkefni voru unnin fyrir Ferðamálastofu. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með 3.093.473 kr. hagnaði. Sú upphæð fer í að greiða uppsafnað rekstrartap síðustu ára. Björg og Dagný svöruðu spurningum sem bárust um ársreikning.

Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2018- 2019

Á aðalfundi 2017 var í fyrsta skipti óskað eftir framboðum til stjórnarsetu í tvö sæti Ferðamálasamtaka Suðurlands. Fyrir aðalfund 2018 bárust fjögur framboð en eitt var dregið til baka á fundinum. Hver frambjóðandi kynnti sig stuttlega og svo fóru kosningar fram og hlutu Bjarni Freyr Báruson og Páll Marvín Jónsson kosningu sem aðalmenn og Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir tekur sæti sem varamaður.

Nýja stjórn skipa:

Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
Gunnar Þorgeirsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrún Helga Guðmundsdóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Bjarni Freyr Báruson – Ferðamálsamtök Suðurlands
Páll Marvín Jónsson – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Katrín Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
Bjarni Guðmundsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands
Anna María Ragnarsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Elfa Dögg Þórðardóttir aðalmaður og Sigurður Rafn Hilmarsson varamaður eru að láta af störfum í stjórn markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

[Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings](#)**Skoðunarmenn ársreiknings:**

Ása Valdís Árnadóttir
Kristófer Tómasson
Rakel Theodórsdóttir til vara
Gunnsteinn Ómarsson til vara

[Önnur mál](#)**Málefni Ferðamálasamtaka Suðurlands**

Framkvæmdastjóri óskar eftir umboði fundarins til að stjórn MSS hverju sinni sé til ráðgjafar um málefni sem varða Ferðamálasamtökin. Samþykkt af fundinum.

Ásborg Arnþórsdóttir leggur til að Ferðamálasamtökin verði hreinlega lögð niður og Markaðsstofan verði sú eining á Suðurlandi sem tekur formlega við þessu hlutverki.

Ása Valdís Árnadóttir minnir á að Ferðamálasamtökin lögðu til 33% af stofnfé Markaðsstofunnar. Skoða þurfi hvernig gengið sé frá því ef samtökin lögð niður.

Ásborg leggur einnig til að unnið verði að því að samningar sem Markaðsstofan gerir við sveitarfélögin fari í gegnum SASS.

Fundi slitið 13:50

Málþing var haldið að loknum aðalfundi.

Málþing - Skiptir ferðapjónusta máli fyrir samfélagið?

- 14:00 Setning málþings** - Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
- 14:05 Nafli alheimsins** - Eva Björk Harðardóttir, *eigandi Hótel Laka og oddviti Skaftárhrepps*
- 14:25 Samfélagsleg áhrif ferðapjónustu á Suðurlandi** - Þorvarður Árnason, *forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði*
- 14:45 Staðan á áfangastaðaáætlun Suðurlands** - Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir, *verkefnastjórar áfangastaðaáætlana DMP*
- 15:05 Kaffihlé**
- 15:20 Viðburðir, veitingar og gisting á lífrænu býli í Berufirði** - Berglind Häsler, *eigandi Havarí*
- 15:40 Matvælaframleiðsla og ferðamenn** - Hjalti Þór Vignisson, *framkvæmdarstjóri sölu- og þróunar hjá Skinney Þinganes*
- 16:00 Málþingslok**

Fundarstjóri: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs